



Framkvæmda- fréttir

1. tbl. /05



Vegagerð í Svínahrauni

Í þessu blaði er auglýst útboð styttingar Hringvegar um Svínahraun. Sjá yfirlitsmyndir í opnu. Í útboðinu felst m.a.:

- Þriggja akreina nýbygging frá rótum Hveradalabrekku að núverandi vegi um Svínahraun, 3 km.
- Breikkun vegar um eina akrein frá nýbyggingu að Litlu-kaffistofunni, 2 km.
- Mislæg vegamót Hringvegar og Þrengslavegar. Brú og veltenging.
- Lagfæringar á aðkomu að Litlu-kaffistofunni. Stækkun plans, eyja milli plans og Hringvegar. Breikkun Hringvegar til að hægt sé að komast framhjá bílum sem stansa til að taka vinstri beygju inn á planið.
- Stefnugreind vegamót við Hamragilsveg.

Gert er ráð fyrir að verktaki geti hafið framkvæmdir í mars 2005 og skal verki að fullu lokið 30. september 2005.

Næstum 2+1 vegur

Svonefndur 2+1 vegur þýðir að tvær akreinar eru í aðra áttina (viðast upp brekkur) og ein í hina áttina. Þegar þessum framkvæmdum í Svínahrauni lýkur verður Hringvegurinn 2+1 vegur að miklu leyti frá Litlu-kaffistofunni og að rótum Kambabrekku fyrir austan, tæplega 20 km. Það er aðeins 2,7 km kafla á háheiidinni sem er bara tvær akreinar, ein í hvora átt. Þessi 2+1 vegur okkar er þó frábrugðinn þeim sem t.d. finnast í Svíþjóð. Þar skilur vegrið á milli aksturstefna og eykur það öryggi til muna. Vegurinn um Svínahraun og Hellisheiði er sennilega ekki heppilegur til að prófa svona fastan aðskilnað aksturstefna því vegrið í miðjum vegi veldur erfiðleikum við snjóhrensun og getur jafnvel stuðlað að snjósöfnun. Það mætti hins vegar huga að svona tilraun annarsstaðar á snjóléttara svæði. VAI (*heimild útboðsgögn*).

Mislæg gatnamót Hringvegar og Þrengslavegar.

Til vinstri: horft í norðaustur. Til hægri: horft í suðvestur.

Mynd: Arkitekta- og verkfræðistofa AVH ehf.

Auglýsingar útboða

Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka 03-084

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í breikkun 2 km kafla og nýbyggingu 3 km kafla Hringvegar (1) fyrir neðan Hveradalabrekku, með mislægum vegamótum við Þrengslaveg, stefnugreindum vegamótum við nýjan Hamragilsveg og lagfæringu á aðkomu að Litlu-kaffistofunni.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar og fláafleygar	183.000 m ³
Burðarlög	63.500 m ³
Bergskeringar	19.500 m ³
Malbik	41.600 m ²
Axlir, K2	7.000 m ²
Mótaflétir	1.000 m ²
Steinsteypa	400 m ³
Steypustyrktarjárn	53.000 kg

Verki skal að fullu lokið 30. september 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og í Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 11. janúar 2005. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 1. febrúar 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 1. tbl. 13. árg. nr. 390 10. janúar 2005

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Víktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Mynd að ofan: Mislæg gatnamót Hringvegjar og Þrengslavegar með aðliggjandi tengingum.
Mynd að neðan: Yfirlit framkvæmdasvæðis frá Litlu-kaffistofunni að Hveradalabrekku.





Hreinn Haraldsson framkvæmdastjóri þróunarsviðs Vegagerðarinnar skrifar

Rammasamningur um samnorrænar rannsóknir

Á fundi í Helsinki þann 10. desember 2004



undirrituðu vegamálastjórar Íslands, Finnlands, Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur rammasamning um samstarf á sviði rannsókna og þróunar. Í samningnum er bent á að þótt rannsóknarstarf sé nokkuð viðamikilið innan stofnananna, sé þörf á enn öflugra starfi á næstu árum, sem þó þarf að rýmast innan árlegra fjárveitinga til málaflokksins. Forsvarsmenn Vegagerðanna á Norðurlöndum telja mikla möguleika fólga í sameiginlegu framlagi og beinu samstarfi um afmörkuð verkefni. Samstarfið getur verið á ýmsu formi og þátttaka í einstökum verkefnum getur verið bundin við

tvö lönd eða fleiri, allt eftir áhuga og möguleikum hvers lands. Í lok rammasamningsins taka vegamálastjórarinnir fram að með honum sé ætlunin að greiða fyrir auknum norrænum rannsóknum á sviði vegamála, til gagns fyrir samfélagið og þegnana.

Gerður verður sérstakur samningur um hvert verkefni, þar sem staðfest verður framlag hvers aðila, ábyrgðarland og verkefnisstjóri, kostnaðar- og tímaáætlun og önnur þau atriði sem máli skipta. Þegar hefur verið lagt af stað með eitt verkefni, þar sem öll löndin fimm taka þátt. Þetta verkefni nefnist „Nord2000 Road Engineering Model“ og snýst um hljóðvist og hávaðareglugerðir, þar sem leggja á loka-

hönd á samnorrænt hljóðvistarlíkan til nota við hönnun umferðarmannvirkja, þar sem m.a. er tekið sérstakt tillit til veðurfars og annara aðstæðna á Norðurlöndum. Danir stýra verkefninu sem á að ljúka um mitt ár 2006, og fulltrúi Vegagerðarinnar verður Baldur Grétarsson, verkfræðingur á veghönnunardeild.

Stjórn og samræming á þessu rannsóknarsamstarfi verður í höndum forsvarsmanna rannsókna og þróunar á stofnunum fimm. Þar verða einnig lagðar fram tillögur að nýjum verkefnum og þeim forgangsraðað.



Sjá mynd hér að ofan

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
04-044 Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað	05
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki	05
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki, eftirlit	05
04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði 2004-2005	05
04-071 Auðsholtsvegur (340), Skeiðavegur - Syðra Langholt	05
00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur	05
04-072 Garðskagavegur (45) um Ósabotna	05
04-004 Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	05
Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst: Opnað:
03-084 Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	10.01.05 01.02.05
04-075 Suðurstrandarvegur (427), Hraun - Ísólfskáli	20.12.04 18.01.05

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
04-074 Hringvegur (1) um Blönduhlíð í Skagafirði, varnargarðar	29.11.04	14.12.04
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
04-054 Vetrarþjónusta á Vesturlandi 2004-2008 <i>Ravík ehf.</i>	29.06.04	29.10.04
04-054 Vetrarþjónusta á Vesturlandi 2004-2008 <i>Dodds ehf.</i>	29.06.04	25.11.04
04-054 Vetrarþjónusta á Vesturlandi 2004-2008 <i>EB vélar ehf.</i>	29.06.04	23.09.04
04-054 Vetrarþjónusta á Vesturlandi 2004-2008 <i>Jóhann Guðlaugsson</i>	29.06.04	19.08.04
Fellt af lista		
02-015 Hringvegur (1) við Hellu		



Holtsvegur 206 – ný brú á Skaftá hjá Hunkubökkum

Tildrög þessarar brúargerðar voru þau að rof hafði myndast í bakkannum undir gömlu brúnni. Holrýmnd hafði myndast undir eystri landstöpulinn og því hætta á sigi eða hruni. Um brúna fara bæði léttir fólksbílar og fulllestadar rútur með ferðamenn inn í Lakagíga. Það þótti því ekki verjandi að búa við þetta ástand og því ráðist í brúargerðina.

Brúin er hönnuð af brúardeild Vegagerðarinnar. Um er að ræða ríflega 33 m stálbitabru af hefðbundinni gerð. Bitarnir

sem notaðir voru í brúna komu úr bráðabirgðabru fyrir Brúará en áður komu þeir úr Vatnsdalsá á Hringveginum. Stálvirki brúarinnar var málað með Rust Grip sem nokkurs konar tilraun af hálfu Vegagerðarinnar enda efnið tiltölulega nýtt á markaði hérlendis. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar frá Vík í Mýrdal sá um brúarsmíðina. Verktími var einungis rúmlega 1,5 mánuðir. Kostnaður við brúargerðina er um 15 m.kr. og er fjármagnað af viðhaldi brúa. AB Myndir: Sveinn Þórðarson.